

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 2018 í máli nr. E-957/2018:

**ÓMNES slf.**

*(Atli Már Ingólfsson lögmaður)*

**gegn**

**Merking ehf.**

*(Þórir Skarphéðinsson lögmaður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 13. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ómnesi slf., [...], Álfanesi, á hendur Merkingu ehf., [...], Reykjavík, með stefnu birtri 21. mars 2018.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 6.724.388 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 22. desember 2017 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfum. Þá er krafist málskostnaðar.

Í greinargerð stefnda var gerð krafa um frávísun málsins. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 10. september sl.

Þá hefur sakarefninu verið skipt með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í þessum þætti málsins verður fjallað um þá málsástæðu stefnda, að sýkna eigi stefnda vegna aðildarskorts. Stefnandi gerir þá kröfu að sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts verði hafnað. Þá er gerð krafa um málskostnað.

## I.

Með kaupsamningi dags. 28. febrúar 2017 seldu Árne L. Snæbjörnsson og Þráinn Ingimundarson, allt hlutafé í félaginu Á.Þ.S. ehf., til stefnda. Kaupsamningurinn var að flestu leyti hefðbundinn, þar er fjallað um kaupverð og skyldur aðila, greiðslufyrirkomulag, afsal, afhendingu hluta, hvað seljandi ábyrgist o.s.frv. Ekki voru aðrir skriflegir samningar gerðir samhliða undirritun kaupsamningsins. Hins vegar er ágreiningslaust, að munnlegt samkomulag var gert á milli stefnda og Árna L. Snæbjörnssonar um að hann myndi sinna einhverjum verkefnum, en ágreiningur er um það hver þau hafi nákvæmlega átt að vera sem og þóknun vegna þeirra.

Í málinu freistar stefnandi þess að innheimta reikninga vegna vinnuframlags Árna L. Snæbjörnssonar á tímabilinu mars til júlí 2017. Stefnandi kveðst halda utan um vinnu Árna, þar sem hann starfaði ekki sem launþegi hjá stefnda á umræddu tímabili. Stefnandi var stofnaður 3. mars 2017 og fékk virðisaukaskattsnúmer skráð á félagið 1. september 2017.

Í mars 2017 mun Árni hafa dvalið á starfsstöð stefnda og hafi hann ritað í minnisbók sína þá tíma er hann hafi unnið í þágu stefnda. Árni mun síðan hafa farið til útlanda í 2-3 vikur. Að því loknu kom hann aftur til starfa á höfuðstöðvum stefnda. Mun Árni, allt fram í miðjan maí, hafa notað stimpilklukku á vegum stefnda vegna vinnu sinnar.

Hinn 18. október 2017 barst stefnda reikningur að fjárhæð 7.328.400 kr., frá Ómnesi slf. Á reikningnum, undir liðnum „Vöruheiti“, kemur fram að um sé að ræða vinnu við ráðgjöf og eftirfylgni til að viðhalda viðskiptasamböndum Artis/Á.Þ.S ehf. á tímabilinu mars til júlí 2017. Reikningurinn var bakfærður skömmu síðar.

Hinn 22. desember 2017 var sami reikningur endurútgefinn af stefnanda og fylgt eftir með innheimtuviðvörðun, dags. 2. janúar 2018. Stefndi hefur sem fyrr hafnað greiðsluskyldu og lítur á reikninginn sem tilhæfulausan.

## II.

Stefnandi heldur því fram, að Árni L. Snæbjörnsson hafi unnið fyrir stefnda sem verktaki frá því í byrjun mars 2017 til júlí 2017. Stefndi hafi lagt ríka áherslu á það við kaup á félaginu Á.Þ.S., að Árni, sem hafði verið aðalhönnuður félagsins og viðskiptastjóri, myndi vinna fyrstu mánuðina eftir kaupin hjá stefnda og annast og tryggja viðskiptasambönd og sjá til þess að tilfærsla verkefna og vinnu gengju vel fyrir sig. Stefnandi heldur því fram, að Árni hafi unnið samtals 394 klst. Tímagjaldið hafi verið 15.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti.

Byggt sé á því, að stefnandi, Ómnes slf., sem annast reikningsgerð og sölu á vinnutímum Árna, hafi ekkert fengið greitt fyrir þá vinnu sem starfsmaður þess félags sannanlega hafi unnið fyrir stefnda á umsömdu tímabili. Sé bæði vinnutími starfsmanns stefnanda rétt skráður og tímagjald eðlilegt og hóflegt. Stefndi hafi ekkert greitt af reikningi stefnanda, ekki einu sinni þann hluta sem stefndi teldi eðlilegt vegna vinnu Árna L Snæbjörnssonar.

## III.

Stefndi krefst sýknu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991 þar sem stefnandi sé ekki réttur aðili að málinu.

Eins og að framan sé rakið seldi Árni L. Snæbjörnsson stefnda 50% hlut í fyrirtækinu. Árni hafi hvorki verið að selja hlut í eigu stefnanda né fyrir hönd stefnanda. Þvert á móti hafi Árni verið að selja hlut sem hann átti persónulega og hvergi, hvorki í samningaviðræðum né í kaupsamningnum sjálfum, var minnst á aðkomu félags í hans eigu, að þessum viðskiptum. Stefnandi hafi verið skráður hjá Hlutafélagaskrá 3. mars 2017, þ.e. þremur dögum eftir að kaupsamningur var undirritaður. Virðisaukaskattsnúmer stefnanda sé skráð 1. september 2017 eða um tveimur mánuðum eftir að ætluðu vinnutímabili skv. reikningi lauk. Þetta þýðir að virðisauki sem innheimur sé af stefnda skv. reikningi, verði ekki innskattaður, sbr. ákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Eftir að viðskiptin voru um garð gengin varð það að samkomulagi á milli stefnda og Árna, að Árni sinnti tilteknum verkefnum í samráði við stefnda. Til dæmis hafi hann farið á fund með einum af þeim viðskiptavinum sem höfðu verið í viðskiptum við fyrirtækið í gegnum árin. Miðað við samtöl við aðila máls og þau dómskjöl sem lögð hafa verið fram, sé ekkert sem bendir til þess að Árni hafi nokkru sinni minnst á það að stofnaður hefði verið lögaðili til að halda utan um þau verkefni sem hann ynni fyrir stefnda. Þvert á móti stóð stefndi í þeirri trú að Árni væri að vinna þessi verkefni af einhvers konar skyldurækni eða til að tryggja góðan framgang síns gamla fyrirtækis í kjölfar sölu. Eins hvarflaði að stefnda að Árni væri með vinnuframlagi sínu að bæta fyrir stöðuna á bókhaldi fyrirtækisins, sem var allt önnur og verri en kynnt hafði verið fyrir stefnda í aðdraganda kaupanna. Þaðan af síður hafi verið gerður samningur á milli stefnda og stefnanda hvað þetta varðar. Í ljósi þessa telur stefndi að stefnandi sé ekki aðili að þessu máli og hafi enga heimild til að beina kröfum að honum. Því beri að sýkna hann.

#### IV

Eins og að framan greinir seldi Árni L. Snæbjörnsson stefnda hlutabréf sín í Á.Þ.S. ehf. hinn 28. febrúar 2017. Samkvæmt gr. 1.5 í kaupsamningi aðila yfirtekur stefndi þau verk sem eru í vinnslu og um hefur verið samið. Í gr. 2.5 segir að stefndi yfirtaki öll verk í vinnslu og útistandandi kröfur sem félagið á, á skuldunauta sína sem til staðar eru á undirritunardegi samningsins. Í gr. 3 er kveðið á um verð fyrir fyrirtækið.

Það er ágreiningslaust í málinu að munnlegur samningur var gerður á milli stefnda og Árna L. Snæbjörnssonar, um að hann ynni að verkefnum fyrir stefnda. Enginn skriflegur samningur liggur hins vegar fyrir og benda aðilar hvor á annan um að sá samningur hafi ekki verið gerður.

Einnig er ágreiningslaust, að Árni L. Snæbjörnsson innti af hendi starf fyrir stefnda frá mars 2017 til júlí 2017. Árni mun hafa ritað unna tíma í dagbók sína frá

1. mars. Síðan hafi hann farið í frí en eftir það hafi hann stimplað sig inn á höfuðstöðvum stefnda á einhverju tímabili.

Hinn 18. október 2017 berst stefnda reikningur frá Ómnesi slf. Í texta reikningsins segir: „V/ Ráðgjöf og eftirfylgni til að viðhalda viðskiptasamböndum Artis/ÁPS ehf. Tímabil mars-júlí 2017. 394 kls 15.000.“ Samtals að viðbættum virðisaukaskatti var reikningurinn að fjárhæð 7.328.400 kr. Reikningur þessi var síðan bakfærður en samhljóða reikningur sendur 22. desember 2017. Í málinu er gerð krafa um greiðslu á þessum reikningi.

Hér er til þess að líta að Ómnes slf. er stofnað 3. mars 2017 og tilkynningin um stofnun félagsins er móttækin hjá ríkisskattstjóra 15. mars 2017. Stefnandi er því sjálfstæður lögaðili sem ber réttindi og skyldur samkvæmt því. Tilgangur félagsins er samkvæmt félagssamningi: Innflutningur og sala ýmiss konar og annar skyldur rekstur og starfsemi sem félagsmenn telja því til hagsbóta hverju sinni. Árni L. Snæbjörnsson er með 99% félagsaðild. Hinn 1. september 2013 fékk Ómnes slf. virðisaukaskattsnúmer.

Ljóst er, að ekki var búið að stofna stefnanda, Ómnes slf., er kaupsamningurinn um félagið var gerður. Í þeim gögnum sem Ómnes slf. hefur lagt fram til sönnunar vinnuframlagi samkvæmt reikningnum, er ekki minnst á stefnanda eða hlutverk hans, heldur ætíð á starf Árna L. Snæbjörnssonar. Í tölvupósti Árna til stefnda frá 27. júlí 2017 segir að fljótlega komi reikningur frá „bókhaldsþjónustunni minni vegna ógreidda launa síðustu 5 mánaða eða samtals 394 tímar“. Í svari stefnda samanber tölvupósti hans 1. ágúst 2017 segir: „Varðandi launin þá endilega koma á okkur tímum og þeim gögnum sem við á. Við þurfum að setjast niður í sameiningu, fara yfir þetta og þú myndir svo gera reikning í framhaldi.“ Hvergi er minnst á stefnanda, Ómnes slf. Tilvitnun í „bókhaldsþjónustu“ Árna breytir hér engu. Framlögð gögn styðja það að stefndi hafi ekki vitað um tilvist stefnanda fyrr en í október 2017. Stefndi gat ekki vænst þess að fá reikning frá Ómnesi slf., þ.e. félagi sem hann vissi ekki um og hafði þar af leiðandi ekki samið við.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að gert sé ráð fyrir persónulegu vinnuframlagi Árna L. Snæbjörnssonar. Það verður að líta til þess að samkvæmt kaupsamningi stefnda og Árna frá 28. febrúar 2017 var gert ráð fyrir að stefndi myndi yfirtaka öll verk í vinnslu og þau verk sem þegar var búið að semja um. Gera má ráð fyrir að Árna hafi verið ætlað að koma að þeim að einhverju marki, svo sem stefndi heldur fram. Þá liggur fyrir að Árni hafi notað stimpilklukkukerfi stefnda á einhverju tímabili, en hætt því síðar. Ætla má að einungis starfsmenn stefnda stimpli sig inn hjá stefnda. Eftir að Árni hætti að nota stimpilklukku var enginn samningur gerður milli aðila og stefnda og heldur ekki tilkynnt um tilvist stefnanda.

Þá er bent á, að samkvæmt hinum umdeilda reikningi stefnanda er krafist virðisaukaskatts, en vinnan var innt af hendi í mars til júlí 2017. Hins vegar fékk stefnandi ekki virðisaukaskattsnúmer fyrr en 1. september 2017. Samkvæmt 5. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 skal hver sá, sem er skattskyldur skv. 3. gr., sbr. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá ríkisskattstjóra. Ljóst má vera að þessari lagaskyldu var ekki sinnt.

Samkvæmt framangreindu hefur stefnandi ekki sýnt fram á að stofnast hafi réttarsamband á milli stefnanda og stefnda. Samkvæmt því, og með vísan til þess sem að framan greinir, er stefnandi ekki aðili að máli þessu. Því ber að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefna málskostnað sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### DÓMSORÐ

Stefndi, Merking ehf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Ómness slf.

Stefnandi greiði stefnda, Merkingu ehf., 800.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir